

Fundargerð Framkvæmdaráðs EarthCheck

Netheimar 24. apríl 2024

Mættir:

Lilja Magnúsdóttir, Hildur Aradóttir, Bryndísi Ósk Jónsdóttir, Jón Páll Hreinsson, Kjartan Þór Ragnarsson, Nanna Lilja, Magnús Árnason og Hjörleifur Finnsson sem tók niður fundarpunkta.

Dagskrá:

- Afstaða Framkvæmdaráðs til áframhalds verkefnisins
- Önnur mál

Fundargerð:

1. Nokkur umræða um minnisblað Hjörleifs til framkvæmdaráðsins dagsett 11. apríl 2024, og beðið var um á fundi þann 4 apríl 2024, í kölfar umræðu um stöðu EC verkefnisins. Fundarmenn voru sammála greiningunni á stöðu verkefnisins í minnisblaðinu. Í ljósi þess gerir fundurinn eftirfarandi tillögu til stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða:

Framkvæmdaráð EarthCheck umhverfisstjórnunarinnar, sem skipað er fulltrúum allar sveitarfélaganna á Vestfjörðum, beinir því til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að hefja samráð um framtíð umhverfisstjórnunar og -stjórnunar á Vestfjörðum, með það fyrir augum að hætta þáttöku í EarthCheck kerfinu og skoða aðra valkosti fyrir fjórðungsping haustið 2024.

Greinargerð

Ljóst er, af margvíslegum ástæðum, að EarthCheck kerfið hefur aldrei virkað sem stjórnæki sveitarfélaganna í ákvarðanatöku sinni og því aldrei virkað sem umhverfisstjórnunarkerfi eins og því er ætlað. Mikil gerjun er í umhverfismálum hjá sveitarfélögum á Íslandi og á Vestfjörðum sem endurspeglast í gerð svæðisáætlunar um úrgang og gerð loftslags- og orkuskiptaáætlana (loftlagsstefna). Þessi gerjun býður upp á ný tækfæri í rafrænu grænu bókhaldi og öðrum tækjum til umhverfisstjórnunar sem mögulegt væri að innleiða einfaldari og áhrifaríkari hátt en EarthCheck. Nýta ætti tímann fram að næsta fjórðungspingi til þess að fara yfir þessa valkosti, skapa umræðu og hafa samráð út í sveitarfélögin. Í þessu samhengi er vísað sérstaklega til minnisblaða sem verkefnastjóri umhverfis- og loftslagsmála hjá vestfjarðastofu skrifaði fyrir stjórn fjórðungssambandsins 30. ágúst 2023 og minnsblað til framkvæmdráðs EC 11 apríl 2024.

2. Engin önnur mál.